

Lífeyrissjóður verzlunarmanna

Tryggingafræðileg athugun á stöðu sjóðsins í árslok 2025

Febrúar 2026



TALNAKÖNNUN HF.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2025	3
Forsendur tryggingafræðilegrar athugunar	5
Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur	7
Niðurstaða miðað við óbreyttar forsendur frá síðustu athugun	8
Eignir, rekstur og endurmat.....	9
Réttindatafla og framtíðarstaða	9
Niðurlag.....	11
Söguleg þróun	12
Tölur: Tryggingafræðileg staða í árslok 2025 og 2024	14
Viðauki TAFLA 1.....	15
Viðauki TAFLA 2.....	16

Inngangur

Talnakönnun hf. hefur samkvæmt beiðni stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) kannað tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við árslok 2025. Athuginin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við að sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Benedikt Jóhannesson, tryggingastærðfræðingur sjóðsins, hafði umsjón með athugininni, sem var unnin samkvæmt samþykktum sjóðsins og í samræmi við 24. grein laga nr. 129/1997 og ákvæði IV. kafla reglugerðar nr. 391/1998 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Benedikt er með viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins samkvæmt 39. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi en í viðurkenningunni felst meðal annars heimild til að gera tryggingafræðilega athugin á fjárhag hérlandra lífeyrissjóða í samræmi við 24. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Arnór Ingi Finnbjörnsson, stærðfræðingur hjá Talnakönnun, sá um stærstan hluta útreikninga.

Gögn um sjóðfélaga og lífeyrisþega voru fengin frá sjóðnum og voru þar upplýsingar um kyn og fæðingardag hvers sjóðfélaga, fæðingardag maka, samtals áunnin réttindi sjóðfélagans og nýjustu upplýsingar um iðgjaldagreiðslur. Hjá lífeyrisþegum voru upplýsingar um tegund lífeyris og lífeyrisréttindin í desember 2025.

Sjóðfélögum er skipt í þrjá hópa:

1. Sjóðfélagar sem greiddu iðgjöld til sjóðsins á árinu 2025.
2. Sjóðfélagar með geymd réttindi, það er greiddu hvorki iðgjöld né þáðu lífeyri á árinu 2025.
3. Lífeyrisþegar í desember 2025.

Áreiðanleiki gagnanna var ekki kannaður að öðru leyti en með samanburði við gögn síðasta árs og tölur úr ársreikningi og virtist ágætis samræmi vera þar á milli.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar 31.12.2025

Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og skuldbindingum vegna áunninna réttinda sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda virkra sjóðfélaga (iðgjaldagreiðendur á árinu 2025) og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga vegna sömu sjóðfélaga, miðað við tryggingafræðilegar forsendur.

Taflan hér að neðan sýnir niðurstöðu athugunarinnar. Til samanburðar er sýnd niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2024. Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna á verðlagi í lok hvors árs. Niðurstaða athugunarinnar er að heildarstaða sjóðsins sé neikvæð um 129.492 m.kr. eða sem nemur 5,4% af heildarskuldbindingum. Það er veikari staða en í árslok 2024 en þá var heildarstaða sjóðsins neikvæð um 96.158 m.kr. eða -4,3%.

Heildarstaða í þús. kr.	2025	2024
Endurmetin eign	1.531.756.872	1.430.448.099
Framtíðariðgjöld	742.039.509	728.700.970
Heildareign	2.273.796.382	2.159.149.069
Ellilífeyrisskb.	2.096.675.433	1.979.107.684
Örorkulífeyrisskb.	181.418.422	160.970.636
Makalífeyrisskb.	74.914.108	68.444.441
Barnalífeyrisskb.	5.283.557	4.607.907
Rekstrarkostnaður	44.997.213	42.176.082
Skuldbindingar alls	2.403.288.734	2.255.306.751
Eignir umfram skuldb.	-129.492.352	-96.157.683
Staða	-5,4%	-4,3%

Áfallin staða	2025	2024	Framtíðarstaða	2025	2024
Höfuðstóll	1.524.309.299	1.420.485.970	Núvirði framtíðariðgj.	742.039.509	728.700.970
Endurmat skuldabréfa	7.447.574	9.962.128			
Endurmetin eign	1.531.756.872	1.430.448.099	Eign í framtíðarstöðu	742.039.509	728.700.970
Ellilífeyrisskb.	1.440.000.384	1.337.995.302	Ellilífeyrisskb.	656.675.049	641.112.382
Örorkulífeyrisskb.	107.965.511	99.127.089	Örorkulífeyrisskb.	73.452.912	61.843.547
Makalífeyrisskb.	54.479.996	48.444.272	Makalífeyrisskb.	20.434.112	20.000.169
Barnalífeyrisskb.	835.891	849.465	Barnalífeyrisskb.	4.447.666	3.758.443
Rekstrarkostnaður	23.269.519	21.310.264	Rekstrarkostnaður	21.727.694	20.865.818
Skuldbindingar alls	1.626.551.301	1.507.726.392	Skuldbindingar alls	776.737.433	747.580.360
Eignir umfram skuldb.	-94.794.429	-77.278.293	Eignir umfram skuldb.	-34.697.923	-18.879.390
Staða	-5,8%	-5,1%	Staða	-4,5%	-2,5%

Heildarstaða sjóðsins er neikvæð um 5,4% og því utan 5% vikmarka laganna. Þar segir að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka en aldrei utan 10% marka. Verði heildarstaða sjóðsins undir -5,0% vikmörkum samfelld í fimm ár er sjóðnum skylt að lækka réttindi skv. 39. grein laga 129/1997.

Iðgjald í VIRK endurhæfingarsjóð er 0,10% af stofni til iðgjalds og lækkar því væntar iðgjaldatekjur sjóðsins sem því nemur en að sama skapi voru væntingar um að örorkubyrði sjóðsins lækkaði. Til umræðu er að sameina örorkuhluta lífeyrissjóða í einn sjóð, sem þýðir, ef af verður, að örorkuskuldbindingar LV fari úr tryggingafræðilegri athugun og iðgjald til samtryggingardeildar LV lækki, þar sem hluti iðgjalds yrði greiddur til nýja sjóðsins. Á meðan verður ekki tekið tillit til áhrifa þessara útgjalda í tryggingafræðilegri athugun, það er hvorki í útreikningi á núvirði væntra iðgjalda eða örorkuskuldbindinga. Greiðsla til starfsendurhæfingarsjóðsins var 323 m.kr. á árinu 2025 eða 0,67% af iðgjöldum ársins. Sé þessi kostnaður dreginn frá iðgjöldum sem grundvalla framtíðarstöðu hefði það 4.972 m.kr. áhrif til veikingar á tryggingafræðilegri stöðu, eða um -0,2% í árslok 2025.

Heildarlífeyrisskuldbindingar LV í árslok 2025 eru 2.403.289 m.kr. og hækkuðu um 147.982 m.kr. á árinu. Helstu breytingar á árinu eru sýndar í töflu hér að neðan.

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar hækka um 118,8 ma.kr. eða úr 1.507,7 ma.kr. í 1.626,6 ma.kr. Þar munar mest um áhrif verðbólgu og vaxta sem hafa 109,9 ma.kr. áhrif til hækkunar á áföllnum skuldbindingum sjóðsins á árinu 2025. Nýjar og hærri líkur um nýgengi örorku sjóðfélaga eru nú lagðar til grundvallar á mati á skuldbindingum að undangenginni athugun á örorkutíðni meðal sjóðfélaga árin 2017-23. Nýjar forsendur um örorkutíðni veikja áfallna stöðu um 0,1 prósentustig og veikja framtíðarstöðu um 2,3 prósentustig.

Yfirlit um breytingu á tryggingafræðilegri stöðu samtryggingardeildar

Eignir	2025	2024
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í árslok	2.273.796.382	2.159.149.069
Endurmetin eign til tryggingafræðilegs uppgjors í ársbyrjun	2.159.149.069	1.962.799.134
Hækkun/lækkun endurmetinnar eignar á árinu	114.647.313	196.349.935
Skuldbindingar		
Skuldbindingar í árslok	2.403.288.734	2.255.306.751
Skuldbindingar í ársbyrjun	2.255.306.751	2.105.213.926
Hækkun/lækkun skuldbindinga á árinu	147.981.982	150.092.825
Breyting á tryggingafræðilegri stöðu á árinu	-33.334.669	46.257.110

Yfirlit um breytingar á áföllnum lífeyrisskuldbindingum samtryggingardeildar

	2025	2024
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í ársbyrjun	1.507.726.392	1.378.891.224
Hækkun lífeyrisskuldbindinga vegna vaxta og verðbóta	109.908.797	115.928.668
Hækkun áunninna réttinda vegna iðgjalda ársins	47.876.740	46.486.519
Lækkun vegna greidds lífeyris á árinu	-44.141.289	-39.004.562
Hækkun/lækkun áunninna réttinda	0	0
Hækkun vegna breyttra tryggingafræðilegra forsendna	2.175.751	2.295.854
Raunvirðisbreyting á núvirtum rekstrarkostnaði í áfallinni stöðu	1.170.235	1.519.382
Hækkun/lækkun vegna annarra breytinga	1.834.675	1.609.308
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok	1.626.551.301	1.507.726.392

Forsendur tryggingafræðilegrar athugunar

Ellilífeyrir

- Reiknað er með að starfandi sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris frá og með 67 ára afmælisdegi eða næsta afmælisdegi sjóðfélaga, ef hann er eldri en 67 ára í árslok 2025.
- Áunninn réttur til ellilífeyris frá og með 67 ára aldri er áunninn lífeyrisréttur í árslok 2025 samkvæmt réttindabókhalda sjóðsins. Réttur ellilífeyrisþega á mánuði er lífeyrisgreiðsla í desember á janúarverðlagi.
- 12,02% af hverri iðgjaldsgreiðslu upp að viðmiðunariðgjaldi sjóðfélaga gefur árleg áunnin réttindi til ellilífeyris frá og með 67 ára aldri og iðgjald umfram viðmiðunariðgjaldið gefur rétt samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðsins til framreiknings.

Örorkulífeyrir

- Allir sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á örorkulífeyri, ef örorka þeirra er metin 50% eða meira og þeir verða fyrir tekjumissi.
- Fyrir fulla (100%) örorku er áunninn örorkulífeyrir hinn sami og áunninn ellilífeyrir og hlutfallslega minni fyrir minni örorku. Virkir sjóðfélagar eiga rétt á viðbót með framreikningi samkvæmt reglum í 13. grein samþykpta sjóðsins.
- Réttur örorkulífeyrisþega á mánuði er örorkulífeyrisgreiðsla desembermánaðar á janúarverðlagi.
- Örorkulífeyrir greiðist til ellilífeyrisaldurs samkvæmt ofanskráðum reglum. Frá þeim tíma hækkar lífeyririnn (og kallast ellilífeyrir), ef örorkumatið var minna en 100%, og verður eins og örorkan hefði verið 100%.
- Vegna áhrifa tekjuathugunar eru framtíðarörorkulífeyrisgreiðslur sjóðsins, til þeirra sem ekki voru örorkulífeyrisþegar í árslok 2025, reiknaðar sem 95% af heildarörorkuréttindum við orkutap. Hlutfallið er meðalgreiðsluhlutfall undanfarinna tveggja ára, byggt á gögnum frá sjóðnum.

Makalífeyrir

- Makar allra þeirra sem eiga ellilífeyrisréttindi hjá sjóðnum eiga rétt á makalífeyri við fráfall sjóðfélaga.
- Áunninn makalífeyrir er 60% áunnins ellilífeyris. Makar virkra sjóðfélaga og örorku- og ellilífeyrisþega fá viðbót með sams konar framreikningi og gildir um örorkulífeyri.
- Makalífeyrir skal greiddur óskertur í þrjú ár frá andláti sjóðfélaga og tvö ár að hálfu hið minnsta. Þó alltaf greiddur óskertur meðan yngsta barn sjóðfélaga er 23 ára eða yngra og á framfæri sjóðfélaga.
- Makar sem eru fæddir 1. janúar 1925 eða fyrr fá ævilangan óskertan makalífeyri og þeir sem eru fæddir á árunum 1925 til 1945 fá skertan ævilangan makalífeyri skv. neðangreindri töflu, þegar önnur skilyrði gefa ekki hærri makalífeyri:

Fæðingardagur maka	
2.1.1925 - 1.1.1926	2% skerðing
2.1.1926 - 1.1.1927	4% skerðing
2.1.1927 - 1.1.1928	6% skerðing
2.1.1928 - 1.1.1929	8% skerðing
2.1.1929 - 1.1.1930	10% skerðing
2.1.1930 - 1.1.1931	14% skerðing
2.1.1931 - 1.1.1932	18% skerðing
2.1.1932 - 1.1.1933	22% skerðing
2.1.1933 - 1.1.1934	26% skerðing
2.1.1934 - 1.1.1935	30% skerðing

2.1.1935 - 1.1.1936	36% skerðing
2.1.1936 - 1.1.1937	42% skerðing
2.1.1937 - 1.1.1938	48% skerðing
2.1.1938 - 1.1.1939	54% skerðing
2.1.1939 - 1.1.1940	60% skerðing
2.1.1940 - 1.1.1941	68% skerðing
2.1.1941 - 1.1.1942	76% skerðing
2.1.1942 - 1.1.1943	84% skerðing
2.1.1943 - 1.1.1944	92% skerðing
2.1.1944 - 1.1.1945	100% skerðing

- Maki sjóðfélaga getur þó ávallt valið um hvort hann fær greiddan makalífeyri skv. framangreindum ákvæðum eða fái greiddan makalífeyri, sem jafngildir þeim verðbættu iðgjöldum, sem greidd hafa verið vegna sjóðfélagsins fram til ársloka 2014 en að frádregnum verðbættum örorku- eða ellilífeyri sem sjóðfélaginn kann að hafa notið. Mánaðafjöldinn, sem greiða skal makanum lífeyri samkvæmt þessari aðferð, fæst með því að deila í verðmæti iðgjaldanna, að frádregnum lífeyri sjóðfélagsins, með annars úrskurðuðum makalífeyri.
- Réttur makalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Barnalífeyrir

- Við andlát sjóðfélaga fá börn þeirra rétt á lífeyri fram að 20 ára aldri.
- Mánaðarlegur barnalífeyrir er 28.377 krónur á mánuði.
- Börn örorkulífeyrisþega eiga einnig rétt á bótum í hlutfalli við örorku. Fullur barnalífeyrir með hverju barni örorkulífeyrisþega er 28.377 krónur á mánuði.
- Réttur núverandi barnalífeyrisþega er greiðslan í desember á janúarverðlagi.

Almennar forsendur

- Ávöxtun 3,5% umfram vísitölu neysluverðs til verðtryggingar en það eru staðlaðar forsendur samkvæmt reglugerð.
- Sérhæfðar lífslíkur miðað við reynslu sjóðfélaga á tímabilinu 2018 til 2022. Þetta er breyting frá stöðluðum lífslíkum skv. reglugerð 391/1998 en þar er miðað við reynslu þjóðarinnar 2014 – 2018 skv. tilkynningu frá fjármála- og efnahagsráðherra. Gert er ráð fyrir lækkanði dánartíðni til framtíðar skv. spálíkani Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT), sem staðfest var af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021.
- Sérhæfðar örorkulíkur miðað við reynslu sjóðsins árin 2017 til 2023. Þetta er breyting frá stöðluðum örorkulíkum en þar er miðað við reynslu íslenskra lífeyrissjóða á tímabilinu 2018 – 2023 skv. reglugerðinni og tilkynningu ráðherra.
- Staðalforsendur FÍT um endurhæfingartíðni sem byggir á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 2018 – 2023.
- Íslenskar barneignar- og hjúskaparlíkur skv. stöðluðum forsendum, sem byggja á reynslu árin 2019 – 2023.

Niðurstaða miðað við staðlaðar forsendur

Tölurnar sýna niðurstöður athugunarinnar með samanburði við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur. Forsendur úttektar eru frábrugðnar staðalforsendum að því leyti að notaðar eru sérhæfðar lífs- og örorkulíkur sjóðfélaga en reynsla undanfarin ár er sú að bæði dánar- og örorkutíðni sjóðfélaga LV eru minni en staðalforsendur gera ráð fyrir.

Staðalforsendur um örorkutíðni hafa verið uppfærðar frá síðustu athugun og byggja nú á reynslu árin 2018 – 2023 á meðal íslenskra lífeyrissjóða.

Við staðlaðar tryggingafræðilegar forsendur væri heildarstaða sjóðsins 58.634 m.kr. veikari og væri neikvæð um 7,7%. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar væru 13.140 m.kr. hærri og áfallin staða 0,7 prósentustigum veikari. Verðmæti heildarskuldbindinga vegna ellilífeyrisgreiðslna er 26.329 m.kr. lægra við staðlaðar forsendur, verðmæti örorkuskuldbindinga í heildarstöðu 65.227 m.kr. hærri og núvirði væntra framtíðariðgjalda 13.815 m.kr. lægra.

Áfallin staða í árslok 2025	Forsendur athugunar	Staðlaðar forsendur
Höfuðstóll	1.524.309.299	1.524.309.299
Viðbót vegna endurmats	7.447.574	7.447.574
Hrein áfallin eign	1.531.756.872	1.531.756.872
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar	1.603.281.782	1.616.422.027
Núvirði rekstrarkostnaðar	23.269.519	23.227.948
Áfallnar skuldbindingar	1.626.551.301	1.639.649.975
Eignir umfram skuldbindingar	-94.794.429	-107.893.103
Hlutfall af skuldbindingum	-5,8%	-6,6%

Heildarstaða í árslok 2025	Forsendur athugunar	Staðlaðar forsendur
Hrein áfallin eign	1.531.756.872	1.531.756.872
Framtíðariðgjöld	742.039.509	728.224.496
Heildareign	2.273.796.382	2.259.981.368
Lífeyrisskuldbindingar	2.358.291.521	2.403.110.536
Núvirði rekstrarkostnaðar	44.997.213	44.997.213
Heildarskuldbindingar	2.403.288.734	2.448.107.748
Eignir umfram skuldbindingar	-129.492.352	-188.126.380
Hlutfall	-5,4%	-7,7%

Niðurstaða miðað við óbreyttar forsendur frá síðustu athugun

Talnakönnun metur skuldbindingar sjóðsins nú með nýrri sérhæfðri örorkutíðni sem byggir á reynslu sjóðfélaga árin 2017 – 2023. Í mati á örorkuskuldbindingum örorkulífeyrisþega á úttektardegi er nú gert ráð fyrir mögulegum endurhæfingum. Áhrif breyttra forsendna eru lítil á áfallna stöðu sjóðsins en umtalsverð á framtíðarstöðu sjóðsins, til veikingar. Við þessu þarf að bregðast með nýrri ávinnslutöflu til að tryggja að framtíðarstaða aldursháðu réttindaávinnslunnar haldist í jafnvægi.

Taflan hér að neðan sýnir áhrif nýrra forsendna við mat á skuldbindingum í tryggingafræðilegri athugun í árslok 2025. Áhrifin eru 0,1 prósentustig til veikingar á áfallinni stöðu og 0,8 prósentustig til veikingar á heildarstöðu sjóðsins í árslok 2025.

Áfallin staða í árslok 2025	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2025	Staða 31.12.2025 m.v. eldri forsendur
Höfuðstóll	1.524.309.299	1.524.309.299
Viðbót vegna endurmats	7.447.574	7.447.574
Hrein áfallin eign	1.531.756.872	1.531.756.872
Áfallnar lífeyrisskuldbindingar	1.603.281.782	1.601.106.031
Núvirði rekstrarkostnaðar	23.269.519	23.301.534
Heildarskuldbindingar	1.626.551.301	1.624.407.565
Eignir umfram skuldbindingar	-94.794.429	-92.650.692
Hlutfall af skuldbindingum	-5,8%	-5,7%

Heildarstaða í árslok 2025	Tryggingafræðileg athugun 31.12.2025	Staða 31.12.2025 m.v. eldri forsendur
Hrein áfallin eign	1.531.756.872	1.531.756.872
Framtíðariðgjöld	742.039.509	748.122.116
Heildareign	2.273.796.382	2.279.878.988
Lífeyrisskuldbindingar	2.358.291.521	2.343.747.715
Núvirði rekstrarkostnaðar	44.997.213	44.997.213
Heildarskuldbindingar	2.403.288.734	2.388.744.928
Eignir umfram skuldbindingar	-129.492.352	-108.865.940
Hlutfall	-5,4%	-4,6%

Eignir, rekstur og endurmat

Einstök verðbréf voru ekki núvirt af Talnakönnun heldur var stuðst við útreikninga sem sjóðurinn útvegaði. Reglur um endurmat eru óbreyttar frá fyrri árum.

Eignir og rekstur byggja á tölur úr ársreikningi sem barst frá fjármálastjóra sjóðsins á vefgátt 24. febrúar 2026.


Skuldabréf í eigu sjóðsins voru endurmetin með því að núvirða þau til að sömu forsendur um vexti giltu um eignir og skuldbindingar og gaf það 7.448 m.kr. eða 0,5% af bókfærðri eign. Rekstrarkostnaður sem kom til núvirðingar var 1.918,4 m.kr. á ári og núvirði hans til 50 ára er 44.997 m.kr. Núvirtur rekstrarkostnaður vegna áfallinnar skuldbindingar er hlutfall reiknaðrar áfallinnar lífeyrisskuldbindingar af heildarskuldbindingu að viðbættum framtíðariðgjöldum og gefur það 23.270 m.kr.

Endurmatsverð eigna var borið saman við bókfært verð eigna og gengið úr skugga um að bókfærða verðið stemmdi við ársreikning. Eins voru valin nokkur verðbréf og endurmatsverð þeirra reiknað hjá Talnakönnun. Niðurstöður þeirra útreikninga stemmdu við endurmatsverðmætið frá sjóðnum.



Réttindatafla og framtíðarstaða

Framtíðarstaða sjóðsins er neikvæð um 4,5% eða um 34.698 m.kr. Halli jöfnu réttindaávinnslnnar í framtíðarstöðu nemur 27.967 m.kr. og halli aldursháðu ávinnslnnar er 6.731 m.kr. Vegna nýrra forsendna um örorku- og endurhæfingartíðni sjóðfélaga er aldursháða réttindaávinnslan orðin neikvæð um 1,0%

Núvirði framtíðariðgjalda þeirra sem ennþá greiða í jafna réttindaávinnslu í árslok 2025 er 27.967 m.kr. minna en framtíðarskuldbindingar vegna þessara iðgjalda. Samband framtíðariðgjalda og framtíðarskuldbindinga er sýnt m.v. aldur virkra sjóðfélaga hér að neðan.



Núvirði iðgjaldanna í aldursháðu réttindaávinnslnunni er 6.731 m.kr. lægra en núvirði skuldbindinganna. Í árslok 2025 er hlutdeild jöfnu réttindaávinnslnnar 11,1% af öllum framtíðarskuldbindingum sjóðsins en hlutfallið var 12,3% í árslok 2024.



Niðurlag

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gerð hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í góðu samræmi við niðurstöður fyrri ára þegar tillit hefur verið tekið til nýrra gagna og forsendna auk ávöxtunar sjóðsins og verðbólgu á árinu 2025.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins er neikvæð um 5,4% eftir að hafa verið undir -5% vikið 39. greinar laga 129/1997 í tvö ár af síðustu þremur. Til þess að koma heildarstöðu sjóðsins í jafnvægi hefðu eignir sjóðsins þurft að vera um 8,3% verðmætari en þær stóðu í árslok 2025.

Staða sjóðsins telst þó nokkuð ásættanleg, bæði í ljósi þrálátrar verðbólgu sl. fimm ár og að áfallin staða sjóðsins var neikvæð um 8,6% í árslok 2023 og neikvæð um 6,9% í árslok 2022. Einnig telst raunvaxtastig í árslok 2025, bæði hérlandis og erlendis, sjóðnum ennþá hagfelld en í tryggingafræðilegri athugun eru allar skuldbindingar sjóðsins núvirtar m.v. 3,5% raunávöxtun eigna til framtíðar.

Gert í Reykjavík 25. febrúar 2026

TALNAKÖNNUN HF.



Benedikt Jóhannesson
Tryggingastærðfræðingur sjóðsins




Arnór Ingi Finnbjörnsson
Stærðfræðingur hjá Talnakönnun hf.

Söguleg þróun


Áfallin staða sjóðsins í árslok 2013 - 2025

Fjárhæðir í ma.kr. á breytilegu verðlagi




Framtíðarstaða sjóðsins í árslok 2013 - 2025

Fjárhæðir í ma.kr. á breytilegu verðlagi



Áfallin og framtíðarstaða sjóðsins í árslok 2013 - 2025



Tvær breytingar hafa átt sér stað á áunnum réttindum sjóðfélaga frá árinu 2013. Á árinu 2021 voru öll áunnin réttindi í árslok 2020 hækkuð um 10,0%. Í árslok 2022 var áunnum réttindum sjóðfélaga í árslok 2021 breytt háð aldri sem hafði 3,5% áhrif til hækkunar á áföllnum skuldbindingum sjóðsins. Breytingin var gerð í kjölfar upptöku á nýjum lífslíkum með spá um lækkandi dánartíðni við mat á skuldbindingum sjóðsins. Í myndinni hér fyrir ofan má bæði sjá sögulega áfallna stöðu og áfallna stöðu eins og hún hefði verið fyrir hverja breytingu á áunnum réttindum fyrir sig.

Þrjár breytingar hafa orðið á réttindatöflu sjóðsins á þessu tímabili en nýjar réttindatöflur tóku gildi 1. janúar 2011, 1. janúar 2023 og 1. janúar 2025. Nánari upplýsingar um breytingar á réttindum sjóðfélaga má finna í samþykktum sjóðsins. Nýjar forsendur um örorku- og endurhæfingartíðni sjóðfélaga í tryggingafræðilegri athugun í árslok 2025 veikja framtíðarstöðu sjóðsins um 2,3% af skuldbindingum.

Tölur: Tryggingafræðileg staða í árslok 2025 og 2024

Tryggingafræðileg staða LV 31.12.2025	Áfallin staða	Framtíðarstaða	Heildarstaða
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.524.309.299	0	1.524.309.299
Tryggingafræðilegt endurmat skuldabréfa	7.447.574	0	7.447.574
Núvirði framtíðariðgjalda	0	742.039.509	742.039.509
Eignir samtals	1.531.756.872	742.039.509	2.273.796.382
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	1.440.000.384	656.675.049	2.096.675.433
Örorkulífeyrir	107.965.511	73.452.912	181.418.422
Makalífeyrir	54.479.996	20.434.112	74.914.108
Barnalífeyrir	835.891	4.447.666	5.283.557
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	23.269.519	21.727.694	44.997.213
Skuldbindingar samtals	1.626.551.301	776.737.433	2.403.288.734
Eignir umfram skuldbindingar	-94.794.429	-34.697.923	-129.492.352
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	-5,8%	-4,5%	-5,4%

Tryggingafræðileg staða LV 31.12.2024	Áfallin staða	Framtíðarstaða	Heildarstaða
Eignir			
Hrein eign til greiðslu lífeyris	1.420.485.970	0	1.420.485.970
Tryggingafræðilegt endurmat skuldabréfa	9.962.128	0	9.962.128
Núvirði framtíðariðgjalda	0	728.700.970	728.700.970
Eignir samtals	1.430.448.099	728.700.970	2.159.149.069
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	1.337.995.302	641.112.382	1.979.107.684
Örorkulífeyrir	99.127.089	61.843.547	160.970.636
Makalífeyrir	48.444.272	20.000.169	68.444.441
Barnalífeyrir	849.465	3.758.443	4.607.907
Núvirði framtíðarrekstrarkostnaðar	21.310.264	20.865.818	42.176.082
Skuldbindingar samtals	1.507.726.392	747.580.360	2.255.306.751
Eignir umfram skuldbindingar	-77.278.293	-18.879.390	-96.157.683
Í hlutfalli af skuldbindingum í árslok	-5,1%	-2,5%	-4,3%

Viðauki TAFLA 1

Heildarskuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	21.185	441,8	36	672.820	39.443	28.685	1.720	742.669
Geymd réttindi	54.770	31,0	42	148.968	6.882	6.683	0	162.533
Ellilífeyrisþegar	7.678	197,1	73	198.275	0	11.203	0	209.478
Örorkulífeyrisþegar	1.406	116,9	54	19.468	14.267	803	0	34.538
Makalífeyrisþegar	763	48,7	75	0	0	1.459	0	1.459
Barnalífeyrisþegar	461	16,7	14	0	0	0	444	444
SAMTALS	86.263	148,1	43,5	1.039.532	60.592	48.833	2.164	1.151.121

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	24.100	350,9	37	627.493	74.241	12.686	2.727	717.148
Geymd réttindi	66.460	28,3	42	171.687	15.718	3.849	0	191.253
Ellilífeyrisþegar	12.911	120,8	74	216.717	0	4.698	0	221.415
Örorkulífeyrisþegar	3.778	89,7	55	41.247	30.868	812	0	72.928
Makalífeyrisþegar	1.131	82,8	75	0	0	4.035	0	4.035
Barnalífeyrisþegar	412	16,9	14	0	0	0	392	392
SAMTALS	108.792	113,4	45,5	1.057.144	120.827	26.081	3.119	1.207.171

(þúskr.)

Heildarskuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	45.285	393,4	37	1.300.313	113.684	41.372	4.448	1.459.817
Geymd réttindi	121.230	29,5	42	320.655	22.599	10.531	0	353.785
Ellilífeyrisþegar	20.589	149,3	74	414.992	0	15.901	0	430.893
Örorkulífeyrisþegar	5.184	97,1	55	60.716	45.135	1.615	0	107.466
Makalífeyrisþegar	1.894	69,1	75	0	0	5.494	0	5.494
Barnalífeyrisþegar	873	16,8	14	0	0	0	836	836
SAMTALS	195.055	128,8	44,6	2.096.675	181.418	74.914	5.284	2.358.292

(þús. kr.)

Rekstrarkostnaður

Samtals 44.997 **2.403.289**

Bókfærð eign

Endurmat skbr. 1.524.309

Núverandi eign 7.448 **1.531.757**

Ókomin iðgjöld KARLAR

Ókomin iðgjöld KONUR 391.661

Samtals 350.379 **742.040**

Heildareign 2.273.796

STAÐA -5,4% **-129.492**

Viðauki TAFLA 2

Áfallin skuldbinding (í mkr) KARLAR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	21.185	175,4	36	335.126	14.391	14.484	0	364.001
Geymd réttindi	54.770	31,0	42	148.968	6.882	6.683	0	162.533
Ellilífeyrisþegar	7.678	197,1	73	198.275	0	11.203	0	209.478
Örorkulífeyrisþegar	1.406	116,9	54	19.468	14.267	803	0	34.538
Makalífeyrisþegar	763	48,7	75	0	0	1.459	0	1.459
Barnalífeyrisþegar	461	16,7	14	0	0	0	444	444
SAMTALS	86.263	82,7	43,5	701.837	35.540	34.633	444	772.453

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) KONUR

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	24.100	136,0	37	308.512	25.840	6.453	0	340.806
Geymd réttindi	66.460	28,3	42	171.687	15.718	3.849	0	191.253
Ellilífeyrisþegar	12.911	120,8	74	216.717	0	4.698	0	221.415
Örorkulífeyrisþegar	3.778	89,7	55	41.247	30.868	812	0	72.928
Makalífeyrisþegar	1.131	82,8	75	0	0	4.035	0	4.035
Barnalífeyrisþegar	412	16,9	14	0	0	0	392	392
SAMTALS	108.792	65,8	45,5	738.164	72.426	19.847	392	830.829

(þúskr.)

Áfallin skuldbinding (í mkr) SAMTALS

Staða	Fjöldi	Meðalr/mán	Aldur	ELLI	ÖRORKU	MAKA	BARNA	SAMTALS
Virkir sjóðfélagar	45.285	154,4	37	643.638	40.231	20.938	0	704.807
Geymd réttindi	121.230	29,5	42	320.655	22.599	10.531	0	353.785
Ellilífeyrisþegar	20.589	149,3	74	414.992	0	15.901	0	430.893
Örorkulífeyrisþegar	5.184	97,1	55	60.716	45.135	1.615	0	107.466
Makalífeyrisþegar	1.894	69,1	75	0	0	5.494	0	5.494
Barnalífeyrisþegar	873	16,8	14	0	0	0	836	836
SAMTALS	195.055	73,3	44,6	1.440.000	107.966	54.480	836	1.603.282

(þús. kr.)

Rekstrarkostnaður								23.270
Samtals								1.626.551
Bókfærð eign								1.524.309
Endurmat skbr.								7.448
Núverandi eign								1.531.757
Ókomin iðgjöld	KARLAR							0
Ókomin iðgjöld	KONUR							0
Samtals								0
Heildareign								1.531.757
STAÐA							-5,8%	-94.794